

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 78. fundur.

að Hlíðavegi 6, ÞRIÐJUDAGINN 11. MAÍ 2010, kl. 12:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Bygginganefndar dags. 3. maí.
3. Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra 31. maí.
4. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2009-2012, 582. mál.
5. Erindi frá Hjalta Steinþórssyni f.h. Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála vegna lagnaframkvæmda í Bjarnarflagi.
6. Ákvörðun um laun fyrir setu í sveitarstjórn og nefndum.
7. Ársreikningur 2009, fyrri umræða, Jón Ari Stefánsson frá KPMG mætir til fundarins.
8. Umsóknir um stöðu skólustjóra Tónlistarskólans.

Til kynningar:

Leiðrétt fundargerð Heilbrigðisnefndar Ne dags. 7. apríl.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund.

**2. Fundargerð Bygginganefndar dags. 3. maí.**

Eftirfarandi liðir eiga við um Skútustaðahrepp:

Liður 1.

**201003107 – Erindi frá Mývatni ehf. Skútustöðum, Skútustaðahreppi**

Yngvi Ragnar Kristjánsson f.h. Mývatns ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við verslunina Sel. Byggingin sem er úr timbri og gleri er byggð yfir núverandi verönd austan við verslunina. Stærð er 45,6 m<sup>2</sup>. Teikning er unnin af Yngva Ragnari Kristjánssyni.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

Liður 2.

**200911072 – Erindi frá Landgræðslunni**

Þorlákur P. Jónsson f.h. Landgræðslunnar sækir um stöðuleyfi fyrir 40 feta gám að Múlavegi 2 og 20 feta gám að Skútustöðum.

*Byggingarnefnd leggur til við Skútustaðhrepp að erindið verði samþykkt og stöðuleyfi veitt til eins árs.*

Liður 5.

**201003100 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**

Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn um rekstrarleyfi til handa Friðriki Kristjáni Jakobssyni / Draumaborgir ehf. til sölu gistingar/veitinga á Kaffi Borgum við Dimmuborgir. Gististaður flokkur II.

*Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.*

Liður 8.

**201004098 – Erindi frá Þorbergi Ásvaldssyni, Lynghrauni 9, Skútustaðahreppi**

Þorbergur Ásvaldsson sækir um leyfi til að setja svalahurð út úr stofu að Lynghrauni 9

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

Liður 10.

**201005002 – Erindi frá Þórhalli Kristjánssyni, Björk, Skútustaðahreppi**

Þórhallur Kristjánsson sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishús að Björk lóð 176701. Húsið er sett saman úr gámaeiningum 144 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Sveini Þór Hallgrímssyni.

*Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðhrepps að erindinu verði hafnað enda telur nefndin að útlit hússins sé ekki ásettannlegt.*

Liður 12.

**201005007 – Erindi frá Þorláki P. Jónssyni, Garði 3, Skútustaðahreppi**

Þorlákur P. Jónsson sækir um byggingarleyfi fyrir gróðurhús á lóð íbúðarhúss að Garði 3. Staðsetning samkvæmt meðfylgjandi afstöðumynd. Húsið verður byggt úr vatnsrörabogum með svokölluðu gróðurhúsaplasi, fest niður á steypar undirstöður. Stærðin er 4,10 m á lengd og 3,00 m á breidd, telst 12,3 m<sup>2</sup>. Mesta hæð boganna er 2,15 m. Fyrir liggur leyfi landeiganda Kára Þorgrímssonar, Garði 2.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

Sveitarstjórn samþykkir hér með afgreiðslu Bygginganefndar.

3. **Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra 31. maí.**  
Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Guðrún M. Valgeirsdóttir.
4. **Erindi frá nefndarsviði Alþingis, beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2009-2012, 582. mál.**  
Sveitarstjórn hyggst ekki veita umsögn um málið.
5. **Erindi frá Hjalta Steinþórssyni f.h. Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála vegna lagnaframkvæmda í Bjarnarflagi.**  
Með bréfi dags. 3. maí er óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins til þess hvort Landsvirkjun hefði átt að sækja um framkvæmdaleyfi vegna lagningar vatns- og raflagna frá landamerkjum Voga norður að Þjóðvegi 1. Sú framkvæmd sem hér um ræðir er vegna borvatnsveitu í Bjarnarflagi sem starfrækt er meðan á borun stendur hverju sinni. Landsvirkjun tók þá ákvörðun að setja lagnirnar í jörð þar sem minni sjónræn áhrif yrðu af því. Með þeirri ákvörðun taldi formaður landeigenda Reykjahlíðar að Landsvirkjun ætti að sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins.  
Sveitarstjórn telur að eðlilegra hefði verið að Landsvirkjun sækti um framkvæmdaleyfi fyrir nefndri framkvæmd þar sem leiða má líkum að því að sú framkvæmd sem list er hér að framan sé komin til að vera, a.m.k. í einhver ár.
6. **Ákvörðun um laun fyrir setu í sveitarstjórn og nefndum.**  
Eitt af erfiðari verkefnum sveitarstjórna í fámennari sveitarfélögum er að ákveða hvað hæfilegt sé að greiða fyrir setu í sveitarstjórn og nefndum.  
Almennt virðast sveitarfélögin vera að færa sig í þá átt að binda laun fyrir þessi störf við hlutfall af þingfararkaupi sem í dag er kr. 520.000,-  
Sveitarstjórn samþykkir því hér með að laun fyrir setu í sveitarstjórn skuli nema 8% af þingfararkaupi, oddviti hafi tvöföld þau laun. Auk þess verði greitt 2% fyrir hvern setinn fund. Varamenn í sveitarstjórn fá greitt 3,5% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund. Fyrir setu í öðrum nefndum er greitt 2% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund, formaður nefnda hafi tvöföld þau laun. Þá er greiddur akstur af frádregnum fyrstu 6 km. af hverri leið.
7. **Ársreikningur 2009, fyrri umræða, Jón Ari Stefánsson frá KPMG mætir til fundarins.**  
Til fundarins mætir Jón Ari Stefánsson og fór yfir ársreikninginn. Undir þessum lið mættu einnig skoðunarmenn ársreikninga sveitarfélagsins, Gísli Árnason og Ellert Finnbogason. Að lokinni yfirferð var ársreikningnum vísd til síðari umræðu.
8. **Umsóknir um stöðu skólastjóra Tónlistarskólans.**  
Þrjár formlegar umsóknir bárust við auglýsta stöðu skólastjóra Tónlistarskólans.  
Sveitarstjórn samþykkir að boða Svavar Sigurðsson einn umsækjandann til viðtals.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.